

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1987

12. janúar 1987

1

Nr. 1

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar þriðjudaginn 13. janúar 1987, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 12. janúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

5. mars 1987

Nr. 2

LÖG

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52

14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt og
3. eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það á síðustu fjórum árum, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag.

2. gr.

5. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

- a. Í stað „kosningar“ í b-lið 1. mgr. komi: almennar alþingiskosningar.
- b. Í stað „alþingiskosningum“ tvívegis í b-lið 1. mgr. komi: almennum alþingiskosningum.
- c. Í stað orðanna „samkvæmt ákvæðum 5. töluliðar 114. gr.“ í c-lið komi: skv. ákvæðum 4. tölul. 3. mgr. 113. gr.

A 1